

1099. stjórnarfundur VR

Haldinn fimmtudaginn 11. september í Kringlunni 7 á 0. hæð, kl. 17:30

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Ásta Rut Jónasdóttir, Benóný Valur Jakobsson, Fríður Birna Stefánsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jóhanna Rúnarsdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafía Ása Jóhannesdóttir, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Helga Árnadóttir fyrrverandi framkvæmdastjóri VR, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

Áður en að formleg fundardagskrá hófst þakkaði Ólafía Björk fyrrverandi framkvæmdastjóra VR, Helgu Árnadóttur, fyrir hennar miklu og góðu störf fyrir félagið um leið og hún óskaði henni velfarnaðar í framtíðinni og afhenti henni svo blómvönd frá félaginu undir lófataki viðstaddra.

Helga þakkaði fyrir sig og sagðist munu sakna VR og að því búnu vék hún af fundi.

Áður en formlegur fundur hófst frumsýndi Árni nýjar auglýsingar í komandi herferð okkar fyrir Jafnlaunavottun VR og var gerður góður rómur að þessum nýju auglýsingum þar sem áhersla er lögð á að Jafnlaunavottun VR sé fyrir öll fyrirtæki og líka opinberar stofnanir.

Þá kynnti Stefán Sveinbjörnsson, nýráðinn framkvæmdastjóri VR, sig fyrir viðstöddum og hljóp á helstu atriðum sinnar ævi og var hann boðinn velkominn til starfa.

Einnig áður en að formleg fundardagskrá hófst voru umræður um áður auglýsta fundardagskrá og var samþykkt að færa d. lið í Önnur Mál upp sem dagskrárlið nr. 4 og að færa a. lið sömuleiðis upp sem dagskrárlið nr. 6.

1. Fundargerðir síðustu funda

Ólafía Björk lagði fram fundargerðir 1097. og 1098. fundar til samþykktar. Ákveðið var að fresta samþykkt fundargerða 1095. og 1096. fundar vegna athugasemda sem fram höfðu komið.

Fundargerðir 1097. og 1098. samþykktar og undirritaðar.

2. 6 mánaða uppgjör

Ólafía Björk sagði frá því að gögn vegna þessa dagskrárliðar væru komin á stjórnarvefinn með skýringum.

Stefán kynnti þá næst 6 mánaða uppgjör og lagði fram skjalið „*Rekstrarreikningur Jan-Jún 2013*“. Fór Stefán því næst yfir allar helstu tölur þar sem kom m.a. fram að iðgjöld hafi aukist um 98 mkr, einnig hefur orðið aukning á leigutekjum orlofshúsa og í sölu gjafabréfa Icelandair og WOW. Bætur og styrkir eru að aukast og þá helst sjúkradagpeningar svo og kostnaður við útbreiðslu og félagsmál. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður lækkar um 13.7 mkr. milli tímabila svo og laun og launatengd gjöld. Fjármagnstekjur eru meiri en áætlað var og hreinar tekjur til ráðstöfunar eru 200.5 mkr.

Umræður.

3. Staða kjaraviðræðna

Ólafía Björk ræddi stöðu kjaraviðræðna og sagði frá því að hún hefði verið á Miðstjórnarfundum ASÍ í dag þar sem kom fram að forystumenn ASÍ hafi fundað með fjármálaráðherra í gær. Á þeim fundi hafi mjög lítið komið fram – engin áætlun sé í gangi og beðið eftir útgáfu fjárlagafrumvarps ríkisstjórnarinnar þann 1. október nk.

Af vettvangi ASÍ væri það helst að vilji sé fyrir hendi að halda áfram grunnvinnu í aðildarfélagunum og eru umræður þar allar á svipuðum nótum þ.e. rétt er um að áherslan sé á kaupmátt, skattalækkanir o.þ.h.

Trúnaðarráð VR kemur svo saman þann 17. september nk. og þá verða einnig komnar niðurstöður í kjarakönnun þeirri sem nú er í gangi og ætti þá fljótlega að vera orðið ljóst hvar áherslur VR verða í komandi kjaraviðræðum. Ólafía Björk minnti fundarmenn á það að þann 17. sept verði líka myndataka á stjórn.

VR blaðið kemur út á morgun með launakönnun og umfjöllun um starfsmenntamál en einnig er von á viðtali við Ólafíu Björk í Fréttablaðinu. Í samráði við almannatengslaráðgjafa hefur verið ákveðið að vera ekki með blaðamannafund í þetta sinn vegna kynningar á launakönnun, það sé bara ekki nóg tilefni til þess, en í staðin komi greinar og viðtöl.

Umræður.

4. Prókúra fyrir nýjan framkvæmdastjóra til undirritunar

Ólafí Björk lét skjalið „Tilkynning um breytingu á stjórn/prókúru – RSK“ ganga meðal fundarmanna til undirritunar vegna prókúru fyrir nýjan framkvæmdastjóra. Undirritað og frá gengið.

5. Nýir trúnaðarmenn

Ólafía Björk kynnti þessa nýju trúnaðarmenn til samþykktar:

Nafn	Fyrirtæki	Nýr/endurkjörin
Sigríður Gísladóttir	Next - Dagsól	Nýr
Leo Smári Gunnarsson	Elko	Nýr
Hafdís Erla Kristinsdóttir	Icelandair - Keflavíkflugvelli	Endurkjörin
Jóhann Már Sigurbjörnsson	Bændasamtök Íslands	Endurkjörinn
Hrafnhildur Birgisdóttir	Rúmfatalagerinn - Smáratorgi	Nýr
Oddný Assa Jóhannsdóttir	KPMG ehf	Nýr
Halldóra M. Steinarsdóttir	Norvík hf	Nýr
Jón Ingi Kristbjörnsson	BL ehf	Endurkjörin
Svava Björk Jónsdóttir	Batteríð Arkitektar	Nýr

Samþykkt.

6. Umræður um stöðu fulltrúa VR í Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Ólafía Björk ræddi brotthvarf tveggja stjórnarmanna VR úr stjórn lífeyrissjóðsins. Síðan bar hún upp við fundarmenn spurninguna: „Hvernig sjáið þið að réttast sé að skipa í þessi sæti“. Var gengið á röðina og tjáðu fundarmenn sig um málið.

Umræður.

Niðurstaðan er sú að þörf sé á áframhaldandi umræðum og ákvörðun. Ólafía Björk mun boða sérstakan stjórnarfund vegna þess.

Undir þessum dagskrárlið ræddi Ólafía Björk, að gefnu tilefni, hve áriðandi það sé að trúnaður sé virtur innan stjórnar VR.

Fundi slitið kl. 20:50
Árni Leósson fundarritari